


VÍSIR SPYR:

Eiga flugmenn skilið að fá svona há laun?




Haraldur Sigfússon, leigubílstjóri: Nei, ekki miðað við þann vinnutíma, sem þeir inna af hendi. En þeir skýra vist kröfur sínar með því að þeir miði tekjur sínar við útreikning í erlendum gjaldeyri og líka hvað kollegar þeirra erlendis hafa.



Agústa Sigurjónsdóttir, húsmóðir: Alla vega hafa þeir fengið nóg í dag. Skýringin á því hvers vegna þeir fá kröfum sínum framgengt er sennilega sú að hér ríkir engin samkeppni og ef þeir hóta að leggja niður störf eru engir staðgenglar.



Sigríður Guðmundsdóttir, húsfrau: Launin eru alltof há. Þeir taka of mikið til sín miðað við aðrar stéttir. Og þar að auki eru fleiri sem bera ábyrgð á mannslífum en endilega flugmenn.



Engilbert Guðmundsson, bílstjóri: Menn, sem hafa stuttan starfsaldur og vinna störf, sem krefjast hestaheilsu, verða að fá góð laun þann tíma sem þeir geta unnið.



Snorri Karlsson, fulltrúi: Nei, alla vega ekki ef miðað er við laun opinberra starfsmanna. Þetta sýnir beztt stéttamismuninn á Íslandi að sumir skuli geta náð þessari aðstöðu.



Ragnar Emilsson, arkitekt: Nei, það finnst mér ekki. Þeir einoka starfseminna. Hafa sennilega mjög góða forystu í félögum sínum, sem fylgja kröfunum eftir.

LESENDUR HAFNA ORÐIÐ

Jakob Hafstein skrifar um sýningu Guðmundar Karls:

„Þegar sýning hefur svona góð áhrif...“

Jakob Hafstein skrifar:

„Þeir sem þessa dagana leggja leið sína að Kjarvalsstöðum, og vonandi verða þeir margir, komast að raun um, að líf hefur færzt í salarkynnin þar. Myndlistarlíf, sem vaxið hefur þar og dafnað vel að undanförunu og þokað á braut þeirri drungans og dauðans hönd, sem náð hafði nokkru taki á þessari menningarmíðstöð Reykjavíkurborgar. Málverkasýning Guðmundar Karls að Kjarvalsstöðum ber þessari staðreynd glögg vitni.

A sýningunni eru 92 verk, máluð í olíulitum, bæði stór og smá í sniðum, og eru ótrúlega mörg þeirra gerð af mikilli leikni, kunnáttu og skörpum skilningi á hverju viðfangsefni.

Þar gefur að líta sannar íslenzkar landslagsmyndir, sumar- og vetrarmyndir, mosann og hraunið á Reykjanesinu, Blá-

fjöllin, Vífilfellið, Keili og Helgafell, margslungna og sérkennilega litadýrd Kleifarvatnssvæðisins, myndir úr Hafnarfirði, Keflavík og Grindavík, hús og báta, blómamyndir og ilmandi blómabæð, erlendar skógarmyndir með glitrandi sólskinsblettum á skógarstígum og sérkennilega falleg þýzk og ítölsk sveitaþorp. Öll þessi mikla breidd í viðfangsefnavali gleður augað og gerir manni hlýtt í geði.

Andrúmsloftið í hinum stóra sýningarsal Kjarvalsstaða, sem að visu er afar erfiður sýningarsalur með hinu þunga, tíglaða lofti og ófullkominni lýsingu, verður á sýningu þessari bæði létt og mjög aðlaðandi.

Það er langt síðan ég lét hafa það eftir mér, að ekki treysti ég mér til að dæma myndlistarmenn: Hver væri góður og hver

lélegur, hver stór og hver smár. Skoðandinn á að dæma um það sjálfur, segja sjálfur til um það, hvað honum finnst í þessum efnum hverju sinni. Og mér hefur ætíð fundizt það dæmalaus kokhreysti og bera vott um sérlega litla sjálfsgagnrýni, þegar myndlistarmennirnir sjálfir setjast í dómarasætið og dæma aðra myndlistarmenn með það markmið eitt fyrir augum, að hafa vit fyrir fólki í jafn-margslungnum og viðkvæmum málum.

En þegar myndlistarsýning hefur jafngóð og örvangi áhrif sem þessi sýning Guðmundar Karls að Kjarvalsstöðum, finnst mér rétt og skylt af mér að hvetja fólk til að skoða slíka sýningu. Þess vegna eru þessar fáu og fátæklegu línur ritaðar. Ég leyfi mér að óska Guðmundi Karli hjartanlega til hamingju með sýninguna.

Illa fengnir túlípanar

U.R. hringdi:

„Hún amma mín er 79 ára gömul og er afskaplega mikill náttúruunandi. Hún á afar fallegan garð, þar sem hún ræktar túlípana, rósir og dalur og ýmislegt fleira, sem erfitt er að rækta.

Einn morgun núna í vikunni, þegar hún kom út, var búð að klippa hvern einasta túlípana, sem í garðinum var, og prýða þær nú sennilegast blómavasa einhvers fingralangs borgarans. Aðeins einn túlípani var skilinn eftir, sennilega verið of útsprunginn til þess að passa í vöndinn.

Þess má geta, að erfitt var að komast að túlípanunum, því að ganga verður niður með húsinu og á bak við til að komast að þeim.

Það er skrytið hvernig sumir auka á yndi sitt. Skyldu þeir virkilega njóta þess að hafa svona fengin blóm til að gleðja augað?“



Bíllinn er kom Stakkahlíðina (t.v.) og leigubíllinn (t.h.). Asamt þeim skemmdust tveir aðrir fólkabílar í þessum mikla árekstri.

Ljós. Ómar Ragnarsson.

Elta ungu leigubílstjórana

— en hvað um óþroskuðu unglíngana á tryllitækjunum?

Leigubílstjóri kom að máli við blaðið:

„Það er í tilefni árekstursins á mótum Bólstaðarhlíðar og Stakkahlíðar á föstudaginn að ég fæ ekki orða bundizt.

Nú hefur sá leigubílstjóri, sem þarna átti hlut að máli, misst sín ökuréttindi. Samkvæmt frásögn lögreglunnar var bílstjórnin á glæfralegum hraða, en ég sem ökumaður í bíl, sem kom á eftir honum get vitnað, að hraðinn var ekki meiri en um 55 kílómetrar. Að visu hægði hann lítið á sér við gatnamótin, sem vitanlega er varhugavert. Þess ber þó að gæta, að þarna á bíllinn rétt fyrir þeim bíl, sem kemur Stakkahlíðina og inn í hlið hans.

Við áreksturinn hentist leigubílstjórnin yfir í hitt framsætið, svo vonlegt er, að hann hafi átt erfitt með að ná stjórn á bíl sínum á ný og hemla.

Það er því von, að bíllinn hendist langar leiðir og á kyrrstæða bíla. Ég vil aftur á móti benda á það kraftaverk, að bílstjóranum skyldi takast að forðast öll þau börn, sem þarna voru að leik.

Svo virðist sem lögreglan í Reykjavík leggi okkur ungu leigubílstjórana í einelti og þess eru nokkur dæmi, að þeir hafi verið sviptir ökuleyfi sínu fyrir brot, sem vart teljast alvarleg.

Ádallega er það vegna of hraðs aksturs, t.d. á Breiðholti- brautinni eða Hringbrautinni.

Aftur á móti virðist lögreglan láta alla þessa óþroskuðu unglíngana, sem aka eins og vitleysingar á yfir hundrað kílómetra hraða upp Hverfisgötuna og Nóatúnið afskiptalausla.

Þetta eru tryllitækjagæjarnir, sem eru stórhættulegir og ég hef oft orðið vitni að, að aki jafnvel Hafnarstrætið á 90 kílómetra hraða.

Ég vil benda á það, að lögreglan er gjórsamlega vanbúin ökutækjum til að fast við þessa pílta. Lögreglubíllarnir eiga ekki möguleika á að elta þá uppi og stöðva þá. Að visu hefur verið bent á, að slíkir eltingaleikir geti endað með ósköpum, en það er eingöngu vegna þess að

eltingaleikir dragast á langinn vegna kraftleysis lögreglubíllanna.

Ég vil benda á það, að ef lögreglan hefði yfir nokkrum kraftmiklum bílum að ráða mundi hún ná þessum piltum eins og skot og þannig stöðva leikinn áður en hann endar með stórslysum.“

Hringið í síma 86611 milli kl. 15 og 16.